

Alþingi  
Erindi nr. P 130/1560  
komudagur 26.3.2004



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

HS/aa

Rvk. 24.03.2004

**Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, 257. mál**

Samtökum atvinnulífsins hefur borist til umsagnar frumvarp um breytingu á lögum nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, 257. mál.

Með frumvarpinu er lagt til að úrskurðir kæruneftndar verði bindandi gagnvart málsaðilum. Að kröfu málsaðila geti nefndin þó ákveðið að fresta réttaráhrifum úrskurðar telji hún ástæðu til þess. Frestun er bundin því skilyrði að málsaðili beri málið undir dómstóla innan 30 daga frá frestunaráhrifum úrskurðar og óski þá eftir að það hljóti flýtimeðferð. Sé beiðni um flýtimeðferð synjað skal mál höfðað eins fljótt og auðið er eftir að synjun kemur fram.

Meginbreytingin skv. frumvarpinu er að í stað álitsgjafar eins og nú er, er gert ráð fyrir að úrskurðir nefndarinnar verði bindandi, nema sá sem á sig telur hallað höfði án tafar mál til ógildingar á úrskurðinum. Málshöfðun frestar þó því aðeins réttaráhrifum úrskurðar að óskað hafi verið flýtimeðferðar. Frumvarpið gerir þannig ráð fyrir að flýtimeðferð, eða a.m.k. umsókn þar að lútandi, verði meginreglan í jafnréttismálum. Slík tillaga er í beinni andstöðu við ákvæði einkamálalaganna en skv. þeim er aðeins gert ráð fyrir að slík heimild sé aðeins veitt í undantekningartilvikum að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Dómstólar hafa því túlkað hana þröngt.

Tillagan felur í sér ákvörðun um þriðja dómstigið í jafnréttismálum án þess að séð verði að þörf sé til þess. Þá verður ekki séð hvaða rök hníga til þess að aðeins þau vinnumarkaðslegu mál sem tengjast kynferði manna eigi að fá slíka sérmeðferð.

Ummæli í greinargerð um þörf slíkrar reglu eru illskiljanleg enda lítt rökstudd. Líklegt er að Eftirlitsnefnd Sameinuðu þjóðanna sem fjallar um réttindi kvenna og vitnað er til hafi takmarkaða yfirsýn yfir íslenskt réttarkerfi og greiðan aðgang manna að því. Stjórnvöld hafa unnið ötullega að því að fylgja jafnréttislögum eftir. Til þess hefur verið sett á stofn sérstök jafnréttisstofa auk kæruneftndarinnar sem kærundur geta leitað til með mál sín og fengið álit á lagalegri stöðu sinni. Jafnréttisstofa fylgir álitum kæruneftndar jafnréttismála eftir að beiðni kæranda og sendir áskorun til kærða um að fundin verði lausn í samræmi við álit nefndarinnar. Þá hefur jafnréttisstofa samkvæmt reglugerð, að vissum skilyrðum uppfylltum, heimild til að höfða mál fyrir íslenskum



dómstólum til viðurkenningar á rétti kæranda á grundvelli jafnréttis laga. SA fær því ekki annað séð en að eftirfylgni stjórnvalda með framkvæmd laganna sé mjög góð.

Breyting í þá veru sem lagt er til í frumvarpinu leiðir óhjákvæmilega til þess að lögmenn yrðu almennt fengnir til að reka mál fyrir nefndinni sem hefur í för með sér kostnaðarauka fyrir kændur. SA dregur því mjög í efa að frumvarpið feli í sér réttarbót fyrir kændur. Kærði á alltaf þann kost að vísa málinu til dómstóla vilji hann ekki setta sig við niðurstöðuna sem kallar á varnir af hálfu kæranda á einu til tveimur dómstigum til viðbótar.

Samtök atvinnulífsins leggja í stefnumörkun sinni og starfi áherslu á jafnrétti kynja, að konur og karlar njóti í hvívetna sömu tækifæra á vinnumarkaði og telur það hagsmunamál fyrir atvinnulífið.

Samtökin álíta tillöguna ekki þjóna þeim markmiðum samanber það sem rakið hefur verið hér að framan. Samtökin mæla því eindregið gegn samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Hrafnhildur Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur.

